

**Ed.**

**247. Frumvarp til laga**

[102. mál]

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að fjárhæð allt að 6 655 millj. kr., sem varið skal til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1976.

**2. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 045 millj. kr. á árinu af lánsfé skv. 1. gr.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.